Á faraldsfæti:

Þróun mannfjölda og búferlaflutninga í Reykjavík og á höfuðborgarsvæði 1990 – 2002



Reykjavíkurborg

Bjarni Reynarsson

Þróunar- og fjölskyldusvið

júní 2003

Efnisyfirlit

Ágrip – helstu niðurstöður 3

1. Inngangur 4

2. Þróun mannfjölda 5

2.1 Náttúruleg fjölgun: Fæðingar og dauðsföll 6

2.2 Mannfjöldaspá þróunar- og fjölskyldusviðs 10

3. Búferlaflutningar 11

3.1 Heildartölur 11

3.2 Nettó flutningar eftir aldri 1991 – 2001 13

3.3 Nettó flutningar: Grannsveitarfélög, landsbyggð og útlönd 18

3.3.1 Nettó flutningar milli Reykjavíkur og einstakra grannsveitarfélaga 22

3.3.2 Íbúðabyggingar á höfuðborgarsvæðinu 24

3.4 Flutningar eftir íbúðahverfum innan Reykjavíkur 26

3.4.1 Fjölda íbúa, íbúða og aldurssamsetning eftir hverfum 26

3.4.2 Flutningar innan og milli hverfa í Reykjavík 2001 og 2002 33

3.4.3 Fullgerðar íbúðir, íbúðir í byggingu og lóðaúthlutun 2003 36

4. Lokaorð 41

Heimildir og stuðningsrit 42

Viðauki – töflur um flutninga 45

Ágrip – helstu niðurstöður

Hér eru kynntar helstu niðurstöður greiningar á tölfræðilegum upplýsingum Hagstofu um búferlaflutninga innan og til og frá höfuðborginni síðustu ár og áratugi. Þær upplýsingar sem teknar voru sérstaklega saman af Hagstofu Íslands fyrir þessa rannsókn og hafa ekki birst áður eru upplýsingar um aldursskiptingu flytjenda, flutninga innan og milli hverfa í Reykjavík og skiptingu flytjenda á milli Reykjavikur og útlanda eftir ríkisfangi og aldri. Þá hafa upplýsingar um nýbyggingar í borginni og íbúðir í byggingu eftir fíngreindri hverfaskiptingu ekki verið birtar áður og ekki unnið mikið með tengsl flutninga og nýbygginga eftir hverfum. Nokkrar helstu niðurstöður eru:

- Tæplega helming af árlegum breytingum á íbúafjölda á höfuðbogarsvæði síðan 1980 má rekja til búferlaflutninga og rúmlega þriðjung (37%) af fjölgun borgarbúa.
- Árið 2002 fluttust 24.253 borgarbúar eða 21.5% búferlum, þar af 16.306 eða tveir þriðju hlutar innan borgarmarka.
- Frá 1998 hefur dregið úr aðflutningi frá landsbyggðinni og 2001 frá útlöndum.
- Á árabilinu 1998 – 2002 fluttu 777 borgarbúar til útlanda (nettó) og 2.822 erlendir ríkisborgarar fluttu til Reykjavíkur
- Frá landsbyggðinni flytur aðallega ungt fólk á aldrinum 20 - 24 ára til höfuðborgarsvæðisins.
- Frá útlöndum flytur nettó til höfuðborgarsvæðisins fólk á aldrinum 30 – 49 ára og þeirra börn, en íslenskt námsfólk á aldrinum 20 – 29 ára flytur til útlanda.
- Frá Reykjavík til grannsveitarfélaga flytur fólk á aldrinum 25 – 49 ára og börn á grunnskólaldri, en til borgarinnar ungt fólk á aldrinum 15 til 24 ára, líklega mest framhaldsskóla- og háskólanemar.
- Flutningar milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæði og milli hverfa í Reykjavík ráðast að mestu af dreifingu nýrra íbúða á hverjum tíma.
- Tíðustu flutningar innan hverfa eru í elstu hverfum borgarinnar vestan Snorrabrautar og í Breiðholtshverfum, en lægsta tíðnin í nýjustu hverfum borgarinnar.
- Hlutfallslega mestir flutningar í Grafarholtshverfið árið 2002 voru frá Grafarvogshverfunum en minnstir frá Austurbænum (miðbænum).

1. Inngangur

Tilgangurinn með þessari greinargerð er að varpa ljósi á þróun mannfjölda og búferlaflutninga til, frá og innan Reykjavíkur og höfuðborgarsvæðisins á síðustu árum og áratugum. Áhersla er lögð á að greina flutningamynstrið á einfaldan hátt með línuritum og kortum. Í greiningu á flutningatölum er mest áhersla lögð á að greina nánar aldursskiptingu flytjenda eftir mismunandi upphafsstað og þróunina í flutningum milli Reykjavíkur og grannsveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, landsbyggðar og útlanda. Einnig eru flutningar innan og á milli hverfa í borginni kortlagðir fyrir árin 2001 og 2002 og reynt að setja þá í samhengi við lýðfræðilegar breytingar og fjölda nýbygginga í hverfum borgarinnar. Í flestum tilfellum er unnið með gögn um flutninga frá 1990, en í nokkrum tilfellum seilst aftar í tíma, sérstaklega hvað varðar mannfjöldaþróun í borginni í heild og eins eru sýnd dæmi um breytingar á aldursskiptingu í hverfum borgarinnar yfir langan tíma.

Við alla stefnumótun um þjónustu við borgarbúa þarf að hafa góð gögn sem skýra þau þróunarferli sem eru í gangi á hverjum tíma t.d. hvað varðar fjölda og samsetningu mannfjöldans bæði í borginni í heild og einstökum hverfum. Sem dæmi um mikilvægi búferlaflutninga má nefna að um helming af fjölgun íbúa á höfuðborgarsvæði síðustu tvo áratugi má rekja til aðflutnings fólks og að 212 þúsund manns flutti innan höfuðborgarsvæðisins á árabilinu 1991 til 2001 þ.e. að meðaltali flutti hver einasti íbúi oftar en einu sinni. Þá má fyrst og fremst rekja fækkun fólks í grónum hverfum til þess að ungt fólk og með börn hefur flutt úr þessum hverfum út í úthverfin í Reykjavík og í grannsveitarfélög borgarinnar á höfuðborgarsvæðinu.

2. Þróun mannfjölda 1991-2002

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands 1. desember 2002 fjölgaði landsmönnum um 26.598 manns eða 10,3% 1992-2002. Þetta jafngildir um 1% fjölgun á ári að meðaltali. Samsvarandi tölur fyrir höfuðborgarsvæðið fyrir þetta tímabil sýna aukningu um 28.002 manns eða 19,1% (1,9% á ári að meðaltali) og í Reykjavík jókst mannfjöldinn um 11.640 manns eða 11,1% (1,1% á ári að meðaltali). Í grannsveitarfélögum Reykjavíkur á höfuðborgarsvæðinu hefur mannfjölgun verið mun örari síðustu áratugi en í höfuðborginni. Síðasta áratug var fjölgun um 16.866 manns, 33,4%. Þetta er alþjóðlegt fyrirbæri að íbúum á jaðarsvæðum borgarsvæða fjölgar hraðar en í elstu borginni. Tafla 1 hér að neðan sýnir mannfjöldabreytingar sl tvö ár.

Tafla 1 Mannfjöldi 2000 - 2002

				%	
	2000	2001	2002	2000-2001	2001-2002
Landið	**282.849**	**286.250**	**288.201**	**1,20**	**0,68**
Landsbyggð	**107.858**	**108.250**	**108.420**	**0,36**	**0,16**
Höfuðborgarsvæði	**174.991**	**178.000**	**179.781**	**1,72**	**1,00**
Reykjavík	**111.345**	**112.268**	**112.490**	**0,83**	**0,20**
Önnur sveitarfélög	**63.646**	**65.732**	**67.291**	**3,28**	**2,37**

Heimild: Hagstofa Íslands

Á síðasta ári, 2002, dró verulega úr fjölgun landsmanna úr 1,20% árið 2001 í 0,68% 2002. Hlutfallsleg fjölgun borgarbúa minnkaði úr 0,83% árið 2001 í 0,2% 2002. .
Skýringa á minni fólksfjölgun 2002 en á næstliðnum árum liggur aðallega í færri fæðingum og minni aðflutningi frá útlöndum árið 2002 en áður.
Um miðjan tíunda áratuginn hófst sú þróun að fyrir utan hraðan vöxt höfuðborgarsvæðis er nokkur fólksfjölgun í þeim byggðum sem liggja næst höfuðborgarsvæðinu auk Eyjafjarðarsvæðisins. Mynd 2.1 sem sýnir mannfjöldabreytingar eftir sýslum landsins 1995 – 2000 túlkar vel þessa þróun. Það er ekki aðeins að fólk vilji helst búa á höfuðborgarsvæðinu, það virðist vera fýsilegur valkostur fyrir marga að búa í innan við klukkustundar aksturs frá höfuðborginni.



Mynd 2.1

2.1. Náttúruleg fjölgun – fæðingar og dauðsföll.

Fæðingartíðni fór ört lækkandi hér á landi frá því um 1960 fram yfir 1980 (mynd 2.2). Árið 1960 sýndu tölur um fæðingar að líkur væru á því að hver kona ætti að meðaltali um 4,2 börn á sinni ævi (TFR). Síðustu tvo áratugina hefur þessi tala farið hægt lækkandi með smá sveiflum milli ára. Var að meðaltali 2,17 lifandi fædd börn á ævi hverrar konu árin 1991 - 1995 en 2,06 börn árin 1996- 2000. Árið 2002 var þetta hlutfall 1,931 barn sem er nokkuð undir þeirri viðmiðun sem þarf til að viðhalda mannfjölda til lengri tíma litið sem er 2,08 barn. Það hefur verið nokkuð þekkt fyrirbæri að frjósemi sé lægri í borgum en í dreifbýli. Samvæmt upplýsingum frá Hagstofunni var umrætt hlutfall árið 2001 1,986 börn á ævi hverra konu á lansbyggðinni , en 1,902 í Reykjavík. Dánartíðni sveiflast yfirleitt mina til en fæðingartíðni. Árið 2001 var dánartíðni miðað við hverja 1.000 íbúa hér á landi 6,0 en var á sama tíma í Reykjavík 7,0.



Heimild Hagstofa, 2003 Mynd 2.2

Á tímabilinu 1980 til 2002 fæddust að meðaltali 1.628 börn á ári í Reykjavík og 792 manns dóu. Náttúruleg fjölgun borgarbúa var því að meðaltali 837 manns þetta tímabil.



Mynd 2.3

Náttúruleg fjölgun borgarbúa var mest á árabilinu 1989 til 1993 og svo kom aftur toppur aldamótaárið 2000, en á þeim tímamótum jukust fæðingar um 150 miðað við næstu tvö ár á undan. (Sjá myndir 2.3 og 2.4)



Mynd 2.4

Á árabilinu 1980 til 2002 fjölgaði Reykvíkingum um 1.257 manns að meðaltali, en 1992 til 2002 var fjölgun nokkuð minni eða 1.115 manns á ári að meðaltali. Að sjálfsögðu voru nokkrar sveiflur á milli ára þetta tímabil. (Sjá mynd 2.5) Flutningar bættu heldur meira við íbúafjölgun borgarinnar á níunda en tíunda áratug síðustu aldar, um 480 manns að ári að meðaltali 1980 til 2001 og um 320 manns að meðaltali 1990 til 2002 . Þau ár þar sem raunveruleg fjölgun í Reykjavík er minni en náttúruleg fjölgun er nettó brottflutningur úr borginni. Þetta á t.d. við um árin 1980, 1989, 1990 og 2002. Mikil aðflutningsár eru 1986-1988, 1991 og 1998 - 2000. Þessi þróun í búferlaflutningum verður greind nánar í næstu köflum.



Mynd 2.5



Mynd 2.6

Á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði íbúum að meðaltali um 2.573 manns 1980 til 2002 (myndir 2.6 og 2.7). Náttúruleg fjölgun var að meðaltali um 1433 manns, þar af fæðingar 2.457 og dauðsföll 1.024. Á þessu árabili var raunveruleg fjölgun íbúa í

Reykjavík að meðaltali 1.257 manns og 1.316 manns í grannsveitarfélögunum. Á tímabilinu 1991 til 2002 voru netto flutningar gagnvart höfuðborgarsvæði 1.274 manns að meðaltali eða um 45% af raunverulegri fjölgun íbúa.



Mynd 2.7

2.2. Mannfjöldaspá Þróunar- og fjölskyldusviðs: Höfuðborgarbúar.

Samkvæmt framreikningum Þróunar- og fjölskyldusviðs (Höfuðborgarbúar, 2001) mun fólksfjöldi á höfuðborgarsvæðinu eftir um aldarfjórðung (árið 2024) verða á bilinu 220-240 þúsund. Viðmiðunarspá gefur 52 þúsund manna íbúaaukningu eða 30%, meðalfjölgun um 2.200 manns á ári. Í Reykjavík verður íbúatalan á bilinu 130 til 140 þúsund og samkvæmt viðmiðunarspá 24 þúsund manna aukning eða 22% sem gefur um eitt þúsund manna aukningu á ári að meðaltali. Í viðmiðunarspá er gert ráð fyrir að dragi úr flutningum frá landsbyggð og útlöndum til höfuðborgarsvæðisins eftir 2005 og að þeir flutningar verði komnir í jafnvægi eftir 15 ár. Þróun búferlaflutninga, bæði innanlands og til og frá landinu eru mestu óvissuþættimir í forsendum við framreikning á íbúafjölda. Mynd 2.8 að sýnir framreikning á mannfjölda í Reykjavík til 2024 miðað við þrjár mismunandi forsendur. Samkvæmt viðmiðunarspá (miðspá) átti mannfjöldi í Reykjavik í ársbyrjun 2003 að vera rúm 114 þúsund en var 112.490 og munar þar mest um litla fjölgun á árinu 2002, 222 manns í stað 1.000 til 1.200 manna meðalfjölgun

síðustu ára. Næsta vetur mun Þróunar- og fjölskyldusvið vinna að nýrri mannfjöldaspá sem m.a. mun taka til mannfjöldaþróunar eftir hverfum bogarinnar.



Heimild: Höfuðborgarbúar, Þróunar- og fjölskyldusvið. Mynd 2.8

3. Búferlaflutningar

3.1. Heildartölur.

Búferlaflutningar hafa yfirleitt mun meiri áhrif á þróun mannfjölda og samsetningu hans á hverjum stað en breytingar í fæðingar- og dánartíðni þar sem sveiflurnar eru yfirleitt minni. Þetta á við í okkar samfélagi þar sem tæp 60 þúsund landsmanna eða um 18% fluttu lögheimili sitt árið 2002 þar af fluttu um 52 þúsund manns lögheimili sitt innanlands. Af þessum fjölda flutti mikill meirihluti eða um 33 þúsund innan sama sveitarfélags og tæp 9 þúsund milli landsvæða og 4.500 frá landinu. Ástæður fyrir flutningum milli landshluta og milli landa eru yfirleitt af atvinnu- eða menntunarlegum toga (Hagfræðistofnun, 2002). Flutningar milli sveitarfélaga á sama borgarsvæði eða innan sama sveitarfélags aðallega vegna breytinga á fjölskylduhögum manna (Bjarni Reynarsson, 1980).

Ef litið er til flutninga innan höfuðborgarsvæðisins árið 2002, fluttu 21.941 innan sama sveitarfélags, þar af 16.306 innan Reykjavíkur, 7.960 milli sveitarfélaga á svæðinu, 3.181 til landsbyggðar og 3.180 til útlanda samtals um 36.264 manns eða um 20% íbúa. Á tímabilinu 1991 til 2001 fluttu um 212 þúsund manns innan höfuðborgarsvæðisins. Að meðaltali fluttu allir íbúar svæðisins oftar en einu sinni á þessu tímabili. Árið 2002 fluttu 16.306 manns innan Reykjavíkur, 3.696 til grannsveitarfélaga, 2.044 til landsbyggðar og 2.207 til útlanda. Samtals fluttu 24.253 borgarbúa þetta ár eða 21,5%, en 18% landsmanna.

Lítum þá nánar á þróun í nettó flutningum, þ.e.á mismun á fjölda að- og brott-fluttra fyrir höfuðborgarsvæðið og Reykjavík síðustu áratugi. Á tímabilinu 1980 til 2002 fluttu nettó að meðaltali 1075 manns til höfuðborgarsvæðisins eða tæplega 25 þúsund manns (Mynd 3.1). Stærstu toppurinn á þessu tímabili er frá 1995 til 1998 þegar netto aðflutningur var milli 1600 og 1800 manns á ári og minni toppar á



Mynd 3.1

árunum 1986 til 1988 og 1991**.** Sveiflur í þessum flutningum ráðast mest af hagrænum þáttum (Stefán Ólafsson, 1997).

Enn meiri sveiflur eru í flutningum til og frá Reykjavík (Mynd 3.2). Vaxandi aðflutningur var á níunda áratugnum, miklar sveiflur um 1990 og 300 til 600 manna aðflutningur 1994 til 2000. Síðustu tvö ár var flutningsjöfnuðurinn neikvæður sér

staklega í fyrra (2002), um 665 manns sem er svipað og var 1980. Skýringa á þessari þróun síðustu 2 árin má rekja til minnkandi flutninga frá landsbyggðinni, minni aðflutningi frá útlöndum og eins og áður miklum flutningum til grannsveitarfélaga. Þróun í flutningum til og frá borginni frá 1990 er greind nánar eftir aldri og upphafsstöðum í næstu tveimur köflum



Mynd 3.2

3.2. Nettó flutningar eftir aldri 1991 – 2001.

Tíðni flutninga eftir aldurshópum er mjög misjöfn. Hún myndar iðulega tvo toppa, er hæst hjá fólki á aldrinum 20 til 24 ára og þar næst hjá ungum börnum þessa fólks (Bjarni Reynarsson, 1980). Þetta alþjóðlega fyrirbæri kemur skýrt fram á myndum 3.3 og 34. Fyrri myndin sýnir aldursskiptingu, nettó tölur, allra flytjenda til og frá höfuðborgarsvæðinu 1991 til 2001 og seinni myndin nettó flutninga eftir aldri milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis. Í báðum tilfellum eru tæp 60% nettó fjölda aðfluttra á aldrinum 15 til 29 ára. Á þessu tímabili flutti tæplega 4.500 manns á aldrinum 20 – 24 ára frá landsbyggð til höfuðborgarsvæðis. Tæplega 15 þúsund manns fluttu nettó frá landsbyggð til höfuðborgarsvæðis 1991- 2001, um 1.216 manns á ári að meðaltali.



Mynd 3.3



Mynd 3.4

Ýmsar aðstæður valda því að breytingar verða frá þessari almennu viðmiðun um aldursskiptingu í flutningum. Mynd 3.5 sýnir netto flutninga höfuðborgarsvæðis gagnvart útlöndum.

Það er athyglivert að þrátt fyrir að fjöldi brottfluttra á aldrinum 20 til 29 ára er hærri en aðfluttra, munar rúmlega 600 manns, er töluverður aðflutningur af börnum og ungmennum og af fólki 30 ára og eldra. Flytjendur á þrítugsaldri er líklega að fara í framhaldsnám erlendis. Netto flutningar frá útlöndum voru að meðaltali 147 manns þetta tímabil



Mynd 3.5

Ef litið er á nettó flutninga fyrir Reykjavík í heild er myndin töluvert önnur en fyrir höfuðborgarsvæðið (Mynd 3.6). Nettó aðflutningur samanstendur að mestu leyti af ungu fólki á aldrinum 20 - 24 ára, um 4.200 manns. Að öllum líkindum fólk að sækja í framhaldsskóla borgarinnar og í atvinnuleit. Þetta er það ungt fólk að það á tiltölulega lítið af börnum. Þeir sem flytja frá borginni eiga fleiri börn en aðflytjendur, en nettó brottflutningur barna á aldrinum 0-9 ára var tæplega 1.800 börn þetta tímabil. Aðrir aldursbundnir flutningar eru þeir helstir að um 860 manns á aldrinum 30 til 39 flytur á brott frá borginni, 546 manns á aldrinum 40 til 64 ára flytur til borgarinnar og 206 eldri borgarar, 65 ár og eldri, fluttu frá Reykjavík þetta tímabil. Samtals fluttu 3.914 manns til borgarinnar 1991 – 2001 eða 356 á ári að meðaltali.

Á næstu myndum, 3.6 – 3.9 eru þessar tölur greindar nánar landfræðilega, þ.e. flutningar milli Reykjavíkur og grannsveitarfélaga, landsbyggðar og útlanda. Eins og löngum fyrr voru nettó flutningar frá Reykjavík til grannsveitarfélaga borgarinnar á höfuðborgarsvæðinu miklir þetta tímabil, 6.317 manns eða 574 á ári að meðaltali.



Mynd 3.6



Mynd 3.7

Frá grannsveitarfélögum var nettó aðflutningur af fólki á aldrinum 15 – 24 ár, án efa mest námsfólki að sækja í framhaldsskóla og háskóla í borginni. Flestir brottfluttra eru á

aldrinum 25- 44 ára, 3320 manns, og börn á aldrinum 0-9 ára, samtals 2.350. Líklegasta skýringin á þessum flutningum er að þetta fólk er að sækja í nýtt húsnæði í grannsveitarfélögunum, en hlutfall nýrra íbúða í grannsveitarfélögum Reykjavíkur af heildarfjölda fullgerðra íbúða á höfuðborgarsvæðinu hefur farið vaxandi þetta tímabil. Sjá nánari umfjöllun í kafla 3.3.

Flutningar milli landsbyggðar og Reykjavíkur eru samkvæmt hefðbundinni aldursskiptingu, nema tilölulega lítill aðflutningur er af börnum. Um 3.500 af níu þúsund aðfluttum eru á aldrinum 20 til 24 ára, eða 66%. (mynd 3.8).



Mynd 3.8

Nettó flutningar gagnvart útlöndum sýna flóknari aldarsskiptingu (Mynd3.9). Aðflutningur er af börnum og unglingum (969 einstaklingar) og fólki 30 til 50 ára (456 manns). Nettó brottflutningur er af fólki á þrítugsaldri, 366 manns, líklega námsfólk að fara til framhaldsnáms erlendis. Þetta er mjög svipuð aldursskipting flytjenda og fyrir flutninga milli útlanda og höfuðborgarsvæðisins. (Sjá nánar næsta kafla).



Mynd 3.9

3. 3 Nettó flutningar gagnvart grannsveitarfélögum, landsbyggð og útlöndum.

Í þessum kafla eru nettó flutningar til og frá Reykjavík og höfuðborgarsvæði 1990 til 2002 greindir nánar eftir einstökum árum og svæðum. Mynd 3.10 sýnir nettó flutninga landsbyggðar og útlanda gagnvart höfuðborgarsvæði 1990 – 2001. Meðal aðflutningur á ári þetta tímabil var 1.216 einstaklingar, þar af 95 % frá landsbyggðinni en aðeins 55 manns að meðaltali frá útlöndum.

Flutningar frá útlöndum sveiflast frá töluverðum brottflutningi árin 1994 til 1996 (1.937 manns samtals) til aðflutnings árin 1998 til 2001 (Samtals 2.980 manns). Mestir aðflutningar frá landsbyggð voru árin 1995- 1998 um 1718 manns á ári að jafnaði. Tiltölulega lítill aðflutningur var frá landsbyggðinni 1992 og 1993 og hann hefur farið stigminnkandi frá 1998. Í fyrra (2002) dró verulega úr heildar aðflutningi til höfuðborgarsvæðisins sérstaklega vegna brottflutnings 341 manna til útlanda. Frá landsbyggð fluttu 634 og heildartala aðfluttra var því aðeins 239 manns saman borið við 1.319 manns árið 2001.



Mynd 3.10

Nettó flutningar milli Reykjavíkur grannsveitarfélaga, landsbyggð og útlöndum þetta tímabil eru sveiflukenndir. (Mynd 3.11). Aukning verður á brottflutningi frá Reykjavík til grannsveitarfélaga frá 1997 sem nær hámarki árið 1998. Minnstir eru þessir flutningar frá borginni árin 1994 og 1995. Nettó flutningar til grannsveitarfélaga var að meðaltali 552 einstaklingur þetta tímabil. Eins og fyrir allt höfuðborgarsvæðið var mesti aðflutningur frá landsbyggð til Reykjavíkur árin 1995-1998, að meðaltali 1.119 manns, borið saman við 810 manns fyrir allt tímabilið. Flutningar gagnvart útlöndum sveiflast frá nettó brottflutningi flest ár frá 1990 til 1996 og töluverðum aðflutningi 1998 til 2001. Nettó brottflutningur var gagnvart útlöndum 2002. (Sjá nánari greiningu, mynd 3.13)



Mynd 3.11

Á síðasta ári (2002) var aldursskipting flytjenda svipuð og árabilið 1991 til 2001. Dregið hefur úr aðflutningi frá landsbyggð, flutningar til grannsveitarfélaga eru enn miklir og flutningar neikvæðir gagnvart útlöndum.(Mynd 3.12).



Mynd 3.12



Mynd 3.13

Á tímabilinu 1998 til 2001 var mikill aðflutningur til Reykjavíkur frá útlöndum, en viðsnúningur varð 2002 (mynd 3.13). Það er fyrst og fremst vegna mikils aðflutnings erlendra ríkisborgara að meðal aðflutningur á ári var 369 manns þetta tímabil, því 777 fleiri íslenskir ríkisborgarar fluttu frá en til landsins þessi fimm ár.



Mynd 3.14

Eins og fram kemur á mynd 3.14 er mikill munur á aldursskiptingu í flutningum til og frá landinu eftir ríkisfangi þ.e. mikill brottflutnngur er af Reykvíkingum á aldinum 20 - 29 ára, 962 einstaklingar, sem án efa er að stærstum hluta fólk að fara í framhaldsnám. Aldursskipting aðfluttra erlendra ríkisborgara er aftur á móti hefðbundin þó er barnafjöldi ekki tiltakanlega mikill.



Mynd 3.15

Ef litið er til fyrsta ársfjórðungs 2003 eru töluverðar breytingar frá á flutningum til og frá borginni borið saman við fyrsta ársfjórðung 2001 og 2002. (Mynd 3.15). Munar þar mestu að það dregur verulega úr brottflutningi til grannsveitarfélaga þótt aðflutningur frá landsbyggð og útlöndum sé minni en 2001 og 2002. Miðað við þessa þróun gæti flutningsjöfnuður borgarinnar sem var hefur neikvæður um 60 manns 2001 og 665 manns 2002 farið að nálgst jöfnuð á þessu ári, 2003.

3.3.1 Netto flutningar milli Reykjavíkur og einstakra grannsveitarfélaga.

Myndir 3.16 til 3.18 sýna nettó flutninga milli Reykjavik og grannsveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu þrjú fjögurra ára tímabil, 1990 – 1993, 1994 – 1997 og 1998 – 2001. Kortin sýna nettó strauma flytjenda milli einstakra sveitarfélaga og Reykjavíkur, heildartölur fyrir hvert tímabil. Á kortunum eru samandregnar tölur um nettó flutninga milli Reykjavíkur og grannsveitarfélaga á hverju tímabili og einnig fjölda fullgerðra íbúða. Of langt mál er að rekja einstakar breytingar á þessu mynstri. Almennt má segja

að fyrri tvö tímabilin séu nettó flutningar frá borginni af svipaðri stærðargráðu eða rúmlegar 400 manns á ári, en 1908 – 2001 varð mikil aukning sem gefur meðalfjölda 758 manns á ári. Fyrsta tímabilið voru mestir flutningar til Hafnarfjarðar, á því næsta tekur Kópavogur við og síðasta tímabilið eru um tveir þriðju hlutar af flutningunum til Kópavogs.



Mynd 3.16

Mynd 3.17



Mynd 3.18

Á síðasta ári, 2002, voru netto flutningar milli Reykjavíkur og grannsveitarfélaga áfram miklir eða – 876 manns. Helsta breytingar frá tímabilinu 1998 til 2001 eru þær að það dregur úr flutningum til Kópavogs, var að meðaltali 515 manns á ári á þessu tímabili, en í fyrra 395 manns. Flutningar til Hafnarfjarðar og Garðabæjar og Mosfellsbæjar tvöfaldast miðað við meðaltal áranna á undan. Netto flutningar til Hafnarfjarðar vou að meðaltali 138 manns en verður 242. Samsvarandi tölur fyrir Garðabæ eru 62 og 123 og fyrir Mosfellsbæ 39 og 114. Þessar tölur endurspegla þá þróun að það er byrjað að draga úr fjölda fullgerðra íbúða í Kópavogi eftir mikið uppbyggingartímabil frá miðjum tíunda áratug síðustu aldar, en töluverð aukning varð í fjölda fullgerðra íbúða í Hafnarfirði, Garðabæ og Mosfellsbæ 2002.

3.3.2 Íbúðabyggingar á höfuðborgarsvæðinu.

Það er vel þekkt í rannsóknum á flutningum innan borgarsvæða að dreifing nýrra íbúða á hverjum tíma ræður mestu um hvert stærstu straumar flytjenda liggja, eins og fram kemur á myndum 3.16 – 3.18. (Spör H. 1981 og Thorkild Ærö 2002).

Mynd 3.19 sýnir fjölda fjölda fullgerðra íbúða á höfuðborgarsvæðinu 1990 til 2001 skipt milli Reykjavíkur og grannsveitarfélaga.



Mynd 3.19

Hlutur Reykjavíkur hefur farið heldur lækkandi síðustu ár, er tæp 48% þetta tímabil. Mestu munar um aukin fjöldafullgerðra íbúða í Kópavogi frá 1996 eins og áður hefur komið fram (Jón Rúnar Sveinsson, 2002).



Mynd 3.20



Mynd 3.21

Mynd 3.21 sýnir að fylgni milli netto flutninga frá Reykjavík til grannsveitarfélaga og íbúðabygginga þar er töluverð eða 0, 62, en fleiri þættir spila inn í þessa mynd. Þar gætu komið til álita staðsetning nýbyggingasvæða og eftirspurn sem og framboð af húsagerðum eftir sveitarfélögum á hverjum tíma og fleiri þættir.

3.4 Íbúðahverfi og flutningar.

3.4.1 Fjöldi íbúa, íbúða og aldurssamsetning eftir hverfum.

Eins og fram kemur á mynd 3.22, hefur náttúruleg fjölgun (fæðingar og dauðsföll) og búferlaflutningar megin áhrif á lýðfræðileg og félagsleg einkenni íbúðahverfa bogarinnar á hverjum tíma. Eins og um lýðfræðilegar breytingar eftir landshlutum og sveitarfélögum í heild hafa búferlaflutingarnir meiri áhrif til að breyta samsetningu mannfjöldans á hverju hverfi en breytingar á náttúrulegri fjölgun. Í flutningum innan borga koma tveir áhrifaþættir mikið við sögu; breytingar á samsetningu heimila í borginni og dreifing nýrra íbúða eftir borgarhverfum. Hér á eftir verður fjallað almennt

um breytingar á mannfjölda og aldursskiptingu eftir hverfum og áhrif nýbygginga á flutningastrauma og flutninga innan og milli hverfa í Reykjavík 2001 og 2002.



Mynd 3. 22



Mynd 3.23

Um 87% af 17.982 manna fjölgun íbúa í Reykjavík á tímabilinu 1990 til 2002 var í hverfum austan Reykjanesbrautar, íbúum í Austubænum fjölgaði um 2.000 manns og í Breiðholti fækkaði um 2.108 manns. Í fullbyggðum hverfum breytist aldurssamsetning með tímanum, fækkun verður á heimilum og íbúum fækkar.
Samkvæmt mynd 3.24 sem sýnir þróun fjölda íbúa á íbúð fyrir borgina í heild hefur dregið úr fækkun á heimili frá því um 1980 og hafa verið rúmlega 2,5 manneskjur á heimili í borginni síðustu tvo áratugina, en mun færri í eldri en nýjum hverfum.



Mynd 3.24

Það sem hefur ráðið mestu um að íbúum hefur ekki fækkað mikið í gróunum hverfum þrátt fyrir fækkun á heimilum í borginni er að töluvert hefur verið byggt af nýjum íbúðum í eldri hluta borgarinnar síðustu tvo ártatugi (Bjarni Reynarsson, 1999).
Mynd 3.25 sýnir hvernig nýjar íbúðir sem byggðar voru 1980 til 2000 skiptust milli borgarhluta. Á þessu tímabili voru 4.268 íbúðir af 11.987 eða 35% í hverfum í eldri hluta borgarinnar vestan Reykjanesbrautar. Mest var byggt á Eiðsgranda, við Skúlagötu, Sóltún og í Kringluhverfinu. Ef þessi þétting byggðar hefði ekki átt sér stað hefði orðið mun meiri fækkun íbúa í þessum hverfum á þessu tímabili.



Mynd 3.25

Mynd 3.26 sýnir breytingar á íbúafjölda eftir hverfum í borginni 1990 til 2002. Mest fækkun er í Breiðholtshverfum, enda fjölgað íbúðum þar aðeins um 170 á tímabilinu.



Mynd 3.26

Fjölgun íbúa í elstu hverfum borgarinnar er vegna þéttingu byggðar þar og aðflutnings yngra fólks. Um 95% af tæplega 15 þúsund manna fjölgun borgarbúa á þessu tímabili var í Grafarvogs- og Grafarholtshverfum.



Mynd 3.27



Mynd 3.28

Hlutfallslegar breytingar á stærð aldurshópa í heild í borginni voru ekki miklir í 1990 til 2002, en aftur á móti töluverðir eftir borgarhlutum (myndir 3.28 - 3.30).



Mynd 3.29



Mynd 3.30

Helstu breytingar eru fækkun eldri borgara í elstu borgarhlutunum og fjölgun þeirra í öðrum borgarhlutum t.d. gömlu úthverfunum Árbæ og Breiðholti. Einnig er áberandi hlutfallsleg fækkun barna og unglinga í úthverfum borgarinnar, mun meiri en í eldri borgarhlutum.



Mynd 3.31



Mynd 3.32

Myndir 3.31 og 3.32 sýna dæmi um breytingar á stærð aldurshópa í tveimur hverfum í borginni, Gamla Vesturbæ og Seljahverfi, á um 30 ára tímabili. Í Gamla Vesturbænum

er áberandi fækkun íbúa 50 ára og eldri og samsvarandi fjölgun fólks á aldrinum 25 til 49 ára en fjöldi í yngri aldurshópum hefur staðið í stað. Töluverð ynging og endurnýjun íbúa á sér stað í hverfinu.

Í Seljahverfi er þessu öfugt farið þar fjölgar í elsta aldurshópnum og fólki á aldrinum 25 til 49 ára fækkar, en börnum á grunnskólaaldri er hætt að fækka frá mestum fjölda tíu árum eftir að hverfið tók að byggjast. Meðalaldur íbúa í Seljahverfi er að hækka.

3.4.2 Flutningar innan og milli hverfa í Reykjavík 2001 og 2002.

Frá árinu 2001 hefur Hagstofan hefur tekið saman tölur um flutninga innan Reykjavikur, bæði innan og milli hverfa. Árið 2002 fluttu 16.306 manns innan borgarmarkanna eða 14,3% borgarbúa þ.e. 67% af þeim 24.253 borgarbúum sem fluttu þetta ár. Af þeim sem fluttu innan borgar fluttu 3.871 eða 3,4% innan sama hverfis. (myndir 3.33 og 3.34). Til samanburðar má geta þess að 13,7 % Kaupmannahafnarbúa fluttu innan borgarmarka 1999 (Árbók Kaupmannahafnar, 2000).

Há tíðni flutninga innan hverfis er oft talin vera vísbending um að fjölbreytt framboð íbúða innan hverfisins og að íbúar vilji búa þar sem lengst. Að sjálfsögðu hefur mismunandi stærð íbúðahverfa áhrif á tíðni flutninga innan hverfis þ.e. fleiri valkostir í stærri hverfum. Hæst tíðni flutninga innan hverfis eru í elstu hverfum borgarinnar, vestan Snorrabrautar og í Breiðholtshverfunum en þetta eru reyndar fjölmennstu hverfi borgarinnar (sjá mynd 3.26) ef neðra Breiðholt er undanskilið.



Mynd 3. 33

Hæst heildartíðni flutninga, bæði innan og frá hverfi, er í Gamla Austurbænum (miðborginni) og er það dæmigert fyrir miðborgarsvæði. Lægst tíðni flutninga er aftur á móti í nýlegum sérbýlishúsahverfum, eins og Ártúnsholti, Fossvogi og flestum Grafarvogshverfunum. Það er einnig þekkt fyrirbæri í flutningafræðum að tíðni flutninga er lægri í sérbýlis- en fjölbýlishúsahverfum. Það kom skýrt fram í rannsókn höfundar á flutningum innan Reykjavíkur 1974 að flutningatíðni í blokkarhverfum var þá mun hærri en í sérbýlishverfum (Bjarni Reynarsson,1980). Þetta kemur til af því að blokkaríbúðir eru iðulega fyrstu íbúðir ungra fjölskyldna sem eru að stofna heimili, stökkpallar í varanlegra húsnæði sem iðulega er sérbýlishúsnæði sem margir komast í um og fyrir miðjan aldur. Þetta hefur verið kallaður húsnæðishringur fjölskyldna (Glick, 1947 og Bjarni Reynarsson, 1983). Á síðustu árum hefur barnafjölskyldum fækkað hlutfallslega miðað við aðrar heimilisgerðir, svo sem einhleypa, fráskylda, ekkjur og ekkla, þannig að fjölbýli gæti verið betri og varanlegri kostur fyrir fleiri en áður.



Mynd 3. 34

Fjöldi flytjenda milli hverfa í borginni 2001 var 14.544 manns og jókst í 16.306 manns 2002 (Myndir 3.35 og 3.36). Mestur brottflutningur árið 2001 var frá elstu hverfum

borgarinnar og nokkrum úthverfum, en aðflutningur var mestur til nýbyggingasvæða svo sem Bryggju- Víkur- og Staðarhverfa og Grafarholts.



Mynd 3.35



Mynd 3.36

Árið 2002 dró úr brottflutningi frá elstu hverfum borgarinnar, sérstaklega Gamla Austurbænum sem og frá ýmsum úthverfum og Grafarholt hefur tekið við sem helsti aðflutningsshverfi borgarinnar, enda lang mest þar af fullgerðum íbúðum þetta ár.



Mynd 3.37

Mynd 3.37 sýnir frá hvaða borgarhlutum hinir 506 sem fluttu í Grafarholtshverfið árið 2002 komu. Flestir fluttu frá Grafarvogshverfunum, 181 manns eða rúmur þriðjungur aðflytjenda. Fæstir koma frá hverfunum umhverfis miðborgina. Almennt er hlutfall brottflytjenda af íbúafjölda borgarhluta lægra með aukinni fjarlægð frá Grafarholti Íbúar í Austurbæ, í og umhverfis miðborgina, flytja hlutfallslega minnst í nýbyggingahverfið Grafarholt, þrátt fyrir að þeir flytji mest allra borgarbúa. Þeir sem búa í miðborginni hafa líklega margir hverjir lífstíl og húsnæðisókir sem ekki samræmist búsetu í nýju úthverfi.

3.4.3 Fullgerðar íbúðir eftir hverfum, íbúðir í byggingu og lóðaúthlutun 2003.

Fróðlegt er að bera saman netto flutninga 2001 og 2002 (myndir 3.35 og 3.36) og fjölda fullgerðra íbúða eftir hverfum fyrir sömu ár (myndir 3.38 og 3.39). Árið 2001 voru fullgerðar íbúðir lang flestar í Túnum - Rauðarárholti, Bryggjuhverfi og í Grafarholti. Þetta endurspeglar nokkuð vel flutninga milli hverfa, enda er fylgnin nokkuð há eða 0,62.



Mynd 3.38



Mynd 3.39

Árið 2002 er mun einsleitara því rúmur helmingur nýrra íbúða er í Grafarholtshverfi og 30% flytjenda sest þar að. Fylgniútreikningar sýna háa fylgni eða 0,89. Fjöldi og dreifing nýbygginga ræður mestu um flutninga innan borgarinnar.



Mynd 3.40

Mynd 3.40 og 3.41 sýna fjölda og dreifingu íbúða sem voru í byggingu í borginni í lok maí 2003 eftir hverfum samkvæmt skrám Byggingafulltrúa. Þessar tæplega eitt þúsund íbúðir voru á mismunandi byggingarstigi, allt frá því að aðeins var búið að steypa sökkla og til þess stigs að vera tilbúnar til innréttingar. Upplýsingar um byggingarstig íbúðanna eru skráð á mismunandi tíma og skráin stöðugt að breytast. Hún gefur samt góða vísbendingu um í hvaða hverfum megi vænta fjölgunar íbúa á þessu og næsta ári (jafnvel árið 2005) og þar með skýra megin drættina í flutningum milli hverfa í borginni þessi ár þ.e. í hvaða hverfum verði nettó aðflutningur. Eins og 2002 er Grafarholt aðal uppbyggingarhverfi borgarinnar 2003 og næst kemst Bryggjuhverfi. Um fjórðungur þessara íbúða er í sérbýlishúsum (einbýlis-, rað- og parhúsum). Það vekur athygli þegar þessar tölur eru skoðar hve sum hverfi eru lengi í byggingu jafnvel rúman áratug eins og Víkurhverfi. Þetta gerir alla áætlanagerð borgarinnar um þjónustu erfiða og fyrstu íbúar þurfa að búa lengi við ófrágengnar lóðir og umhverfi almennt.



Mynd 3.41

Mynd 3.42 sýnir áætlun borgaryfirvalda um lóðaúthlutanir árið 2003 og byggingaráætlanir einkaðaila (deiliskipulag) sem komið hafa til umfjöllunar skipulags- og byggingarnefndar um miðjan júní 2003 samkvæmt upplýsingum frá skrifstofustjóra Umhverfis- og tæknisviðs. Í sumum tilfellum eins og í Norðlingaholti, Sóleyjarrima og í Skuggahverfi er aðeins um að ræða hluta af áætluðum heildarfjölda nýrra íbúða í þessum nýju hverfum og ekki er búið að ganga frá byggingarétti allra íbúða á þéttingasvæðum. Það verður því að taka þessum tölum með fyrirvara. Í heild er hér um að ræða rúmlega 900 íbúðir sem nýir íbúar munu væntanlega flytja inn í á árunum 2005 til 2007.
Mikil vinna hefur farið fram síðustu misseri við að deiliskipuleggja ný íbúðahverfi í borginni. Sem dæmi má nefna að á næsta ári verður líklega úthlutað í fyrsta skipti lóðum í Úlfarfselli – Úlfarárdal sem er stórt nýbyggingasvæði sem verður í uppbyggingu megnið af skipulagstímabilinu til 2024. Innan fárra ára verður hafist handa við landfyllingar og uppbyggingu í Gufunesi og undirbúningur að deiliskipulagi fyrir Mýrargötusvæði stendur yfir. Í áætlunum Aðalskipulags Reykjavíkur 2001 til 2024 er miðað við töluverða aukningu í úthlutunum lóða í borginni á næstu árum eða um 900 íbúðir á ári að meðaltali á árabilinu 2005 til

2009. Samkvæmt þeirri áætlun mun væntanlega draga töluvert úr flutningum frá Reykjavík til grannsveitarfélaga.

Ofangreindar upplýsingar um íbúðir í byggingu 2003 og lóðaúthlutanir á þessu ári eru megin forsendur fyrir áætlanir um breytingar á íbúafjölda eftir hverfum í borginni næstu 2 til 4 árin.



Mynd 3.42

4. Lokaorð

Þetta almenna yfirlit yfir búferlaflutninga innan og til og frá Reykjavík síðustu ár og áratugi byggt á tölfræðilegum gögnum frá Hagstofu skýrir ekki alla þætti þessa flókna efnis. Það var markmið verkefnisins að vinna aðgengilegt, myndrænt yfirlit sem fylgja mætti eftir með nákvæmari greiningu á einstökum þáttum í samhengi við almennar þjóðfélagsbreytingar. Nákvæmari greining hefði lengt verkið til muna og megindrættirnir líklega ekki orðið eins sýnilegir.

Vitneskja um þróun búferlaflutninga í borgarsamfélagi þar sem íbúarnir flytja sig um set að meðaltali fimmta hvert ár er mikilvæg til skilnings á síbreytilegu félagsmynstri borgarinnar, en vitneska um íbúasametningu í einstökum hverfum er grundvallaratriði varðandi stefnumótun í þjónustu borgarinnar í einstökum hverfum.

Sem dæmi um æskileg verkefni í framhaldi þessarar úttektar er að vinna skammtímaspá um aldusskiptan íbúafjölda í hverfum borgarinnar þar sem m.a. verði notaðar upplýsingar um væntanlegar nýbyggingar í hverfunum. Þá væri æskilegt að birta reglulega valdar upplýsingar um flutninga til höfuðborgarsvæðisins bæði frá útlöndum og landsbyggð, sem og innan höfuðborgarsvæðisins. Það mætti t.d.vinna úr ársfjórðungslegum upplýsingum Hagstofu og birta sem hluta af Borgarvísum á netinu. Þriðji þátturinn sem kanna þyrfti nánar eru breytingar á fjölskyldugerð eftir hverfum, en miklar breytingar hafa orðið á samsetningu heimila í borginni á síðustu árum. Þær upplýsingar myndu varpa ljósi á þau lýfræðilegu- og félagslegu breytingaferli sem hverfi borgarinnar ganga í gegnum. Eins væri fróðlegt að kanna nánar með viðtölum flutninga- og búsetusögu fólks í borginni til að skilja betur hvaða þættir ráða mestu um flutninga innan höfuðborgarsvæðisins. Að lokum má nefna að mikilvægt er að bera saman tölfræðilega greiningu á flutningum innan borgarinnar og könnunum á húsnæðis- og bústuóskum borgarbúa, en þróunar- og fjölskyldusvið og skipulags- og byggingasvið vinna nú að slíkri könnun.

Heimildir og stuðningsrit.

Almqvist A. 1999. *Drömmen om det egna huset i det moderna samhellet.* In Bostads- og urbanforskningsseminaret 12- 14. april 1999. Gavle: Uppsala Universite.

Ársæll Guðmundsson 1989. *Kostnaður Þéttbýlismyndunar: Áhrif fólksflutninga á höfuðborgarsvæði*ð. Byggðastofnun.

Bjarni Reynarsson 1977. *Hið félagslega landslag í Reykjavík.* Fjármálatíðindi 1.

Bjarni Reynarsson 1978. *Fólksflutningar til Reykjavíkur*. Fjármálatíðindi,1.

Bjarni Reynarsson 1979. *Búferlaflutningar á höfuðborgarsvæðinu: Heildarstraumar.* Reykjavíkurborg, Þróunarstofnun.

Bjarni Reynarsson 1980. *Búferlaflutningar á höfuðborgarsvæðinu: Félagshópar.* Reykjavíkurborg, Þróunarstofnun.

Bjarni Reynarsson 1980. *Residential Mobility, Life Cycle Stages, Housing and the Changing Social Pattern in Reykjavík 1974 – 1976*. Doktorsritgerð University of Illinois, USA.

Bjarni Reynarsson 1983. *Íbúar og húsnæðismál*. Reykjavíkurborg, Borgarskipulag Reykjavíkur.

Bjarni Reynarsson 1983. Fjölskyldan og helstu breytingaskeið á lífshlaupi einstaklingsins. Reykjavík. Þjóð í kreppu. Líf og land.

Bjarni Reynarsson 1998. *Við aldarhvörf.* Þrjár greinar um þróun og skipulag borga á 20 öld. Lesbók Morgunblaðsins. 22. ágúst, 29 ágúst og 5. september.

Bjarni Reynarsson 1999. *The planning of Reykjavík, Iceland: Three ideological waves – a historical overview*. Planning Perspective. 14.

Bjarni Reynarsson 1999. *Þétting byggðar, landfyllingar og Reykjavíkurflugvöllur: Sögulegt yfirlit.* Reykjavíkurborg, þróunar- og fjölskyldusvið.

Bjarni Reynarsson 1999. *Sá sem ræður yfir tímanum hefur völdin: Draumasamfélagið hvenær kemur það*? Lesbók Morgunblaðsins 11. september.

Björn Ólafsson 2001. *Höfuðborgarbúar: Framreikningur á fólksfjölda í Reykjavík og höfuðborgarsvæðinu 2000 – 2024*. Reykjavíkurborg, Þróunar- og fjölskyldusvið.

Byggingafulltrúinn í Reykjavík 2003. Tölfræðilegar upplýsingar um nýbyggingar í Reykjavík.

Clark W. A. V. & Onaka J. L. 1983. *Life Cycle and Housing adjustment as explanations of Residential Mobility*. Urban Studies 20 (1).

Fasteignastofa og Fræðslumiðstöð Reykjavíkurborgar 2002. *Grunnskólar Reykjavíkur: Rýmisathugun.* (Spár um nemendafjölda í grunnskólum Reykjavíkur).

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2002. *Félagslegt landslag Reykjavíkur.* Unnið fyrir þróunar- og fjölskyldusvið Reykjavíkurborgar.

Félagsþjónustan í Reykjavík 2001. *Íbúasamsetning í borgarhlutum Reykjavíkur: Lýðfræðilegar upplýsingar*. Reykjavíkurborg.

Félagsþjónustan í Reykjavík 2003. *Þak yfir höfuðið*: Skýrsla um stefnu í uppbyggingu leiguhúsnæðis í Reykjavík. (Skýrsla starfshóps).

Frey W.H. 1978. *Movers life Cycle Stage and Choice of Destination Neighborhood: Implications for for Urban Social Structure*. Northwestern publication in Geography no. 25.

Glick P.C. 1947. *The Family Cycle.* American Sociological Review.12.

Hagfræðistofnun Hákóla Íslands 2002. *Byggðir og búseta: Þéttbýlismyndun á Íslandi.*

Hagstofa Íslands 2002 og 2003. Tölfræðilegar upplýsingar um búferlaflutninga m.a. sérkeyrslur úr gagnagrunnum um aldursskiptingu flytjenda.

Jón Rúnar Sveinsson 2002. *Húsnæðismál í Reykjavík 1991 – 2000*. Borgarfræðasetur.

Knox P. 1995. *Urban Social Geography*. (3. útg.) Harlow. Longman Scientific & Technical.

Köbenhavns Statistiska Arbog 2000. Statistisk Kontor. Köbenhavn.

Lee M. 1966. *A theory of Migration*. Demography, 3. árg.

Long L. 1988. *Migration and Residential Mobility in the United States*. New York. Russel Sage.

Michelson W. 1977. *Environmental Choice, human behavior, and residential satisfaction.* New York. Oxford University Press.

Nordstat 1999. *Major Nordic Cities and Regions*: Facts and figures. Helsinki.

Rossi P.H. 1955. *Why Families Move: A Study in the Social Psychology of Urban Residential Mobility.* Glencoe, Illin. The Free Press.

Skipulags- og byggingasvið 2002. *Aðalskipulag Reykjavíkur 2001- 2024.* Reykjavíkurborg

Sigríður Júlíusdóttir 2001. *Fjölskyldur við aldahvörf*. Háskólaútgáfan.

Sigurður Á. Snævarr 1993. *Haglýsing Íslands*. Heimskringla, Háskólaforlag Máls og menningar, Reykjavík.

Spöhr H. 1981. *Flyttekæder på boligmarkedet: En undersögelse af flytninger i Alborg kommune.* (SBI rapport 129). Hörsholm. Statens Byggeforskninginstitute.

Stefán Ólafsson 1996. *Hugarfar og hagvöxtur*. Reykjavík. Félagsvísindastofnun og Háskólaútgáfan

Stefán Ólafsson 1997. Búseta á Íslandi: *Rannsókn á orsökum búferlaflutninga*. Byggðastofnun.

Thorkild Ærö 2002. *Boligpræferencer, boligval og livstil*. By og byg. Köbenhavn.

Umhverfis- og tæknisvið 2003. Áætlun um lóðaúthlutun í Reykjavík 2003 (Vinnuplagg, óútgefið).

Þróunar- og fjölskyldusvið 2002. *Árbók Reykjavíkur 2001* (og eldri árbækur). Reykjavíkurborg.

Zipf G. 1949. *Human Behavior and the Principle of Least Effort: An introduction to human Ecology*. Addisson Wesley, Cambridge, MA.

Viðauki – töflur um flutninga

Tafla 1

	Höfuðborgarsvæðið netto flutningar 1991-2001		
	Landsb	Útlönd	Alls
1991	1.287	572	1.859
1992	576	68	644
1993	815	-43	772
1994	1.104	-407	697
1995	1.629	-1.041	588
1996	1.745	-489	1.256
1997	1.740	-20	1.720
1998	1.760	423	2.183
2001	613	706	1.319
samtals	13.374	1.620	14.994
meðaltal	1.216	147	1.363

Tafla 2

Reykjavík netto flutningar eftir aldri 1990 – 2002

	Netto alls	Grannsvf	landsb	útlönd
1990	-106	-386	729	-449
1991	1017	-355	937	435
1992	164	-347	472	39
1993	7	-520	589	-62
1994	350	-183	747	-214
1995	333	-168	1256	-755
1996	266	-432	1050	-352
1997	299	-896	1161	34
1998	339	-1033	1009	363
1999	652	-737	876	513
2000	623	-676	513	786
2001	-60	-895	390	445
2002	-665	-876	473	-262
Samtals	3219	-7504	10202	521
meðaltal	323	-552	810	65

Tafla 3

Reykjavík: Netto flutningar 1991 -2001 eftir aldri

	Útlönd	Landsb	Grannsv	Alls
0–4	238	82	-1322	-1002
5–9	124	103	-1028	-801
10–14	177	318	-479	16
15–19	430	1062	120	1612
20–24	-97	3500	885	4288
25–29	-269	1420	-827	324
30–34	93	428	-1271	-750
35–39	217	448	-778	-113
40–44	97	471	-445	123
45–49	49	429	-271	207
50–54	56	276	-191	141
55–59	26	117	-113	30
60–64	26	114	-95	45
65–69	32	89	-158	-37
70–74	17	95	-145	-33
75–79	9	42	-76	-25
80–84	3	19	-61	-39
85–89	3	-13	-27	-37
90–94		-3	-29	-32
95–99		3	-6	-3
100+			0	0
Samtals	1231	9000	-6317	3914

Tafla 4

Höfuðborgarsvæði: Netto flutningar 1991 - 2001 eftir aldri

	Innanl	Útlönd	Alls
0–4	270	427	697
5–9	393	99	492
10–14	596	285	881
15–19	1.513	554	2.067
20–24	4.391	-337	4.054
25–29	1.856	-296	1.560
30–34	700	96	796
35–39	725	331	1.056
40–44	764	148	912
45–49	714	68	782
50–54	476	88	564
55–59	229	48	277
60–64	215	23	238
65–69	163	44	207
70–74	213	28	241
75–79	99	14	113
80–84	51	1	52
85–89	1	0	1
90–94	1	-1	0
95–99	4		4
100+			
Samtals	13.374	1620	14.994